23. mars 2023.

Framkvæmdverkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála.

Tillaga til sparnaðar og umhverfismála.

Ég vil leggja til að gras á almennum grasflötum sem ekki er gengið á að jafnaði s.s. í brekkum og spildum meðfram götum verði slegið sjaldnar eða alls ekki.

Þetta er betra fyrir náttúruna bæði plöntur, skordýr og fugla. Það hlýfir jörðinni betur yfir köldu mánuðina. Það er ódýrara og minna mengandi. Fyrir utan hvað er fallegt að sjá öll blómin sem koma í ljós þegar plönturnar fá að vaxa lengur, finnst mér og er ekki ein um þá skoðun.

Við höfum verið alin upp við það að gras eigi að vera grænt og allar grasflatir sem ekki eru nýttar til heyskapar eigi að vera ný og sí slegin, annað sé ljótt og vitni um leti og slóðaskap. Sveitarfélög hafa fengið gagnrýni fyrir sóðaskap og nýsku þegar gras á umferðareyjum og hljóðmönum hefur vaxið eitthvað meira en grasið á golfvellinum.

Loðnar umferðareyjar og hljóðmanir eru betri fyrir umhverfið, það dregur úr mengun og hávaða. Það er líka bæði loft og hávaða mengandi að slá og hirða. Þannig að með því að fjölga svæðum sem ekki eru slegin er hægt að spara aura og vinnukraftar geta nýst í annað.

Velja þarf svæði þar sem ekki er þörf á að slá. Það er nú þegar ansi margir staðir sem eru slegnir reglulega sem er engum til gagns og á mörgum stöðum er verið að slá fallegan íslenskan blómgróður. Ég nefni hér nokkra staði af handahófi; hóll við læknisbústaðinn þar sem ljónslappi, maríustakkur, bláklukka og fleiri blóm vaxa. Hljóðmön og tún á milli Rjóðurs og iðnaðarsvæðis, þar hafa reyndar verið drepnar eða skemmdar margar hríslurnar sem eru eða voru þarna og á fleiri stöðum. Kallabakkinn og mikið á því svæði sem ætti að vera óhreyft. Þar leynast líka blóm og jafnvel víðirenglur sem vaxa upp ef þær eru látnar í friði. Það eru margar brekkur og hólar sem yrðu aftur náttúrulegir ef að þeir fengju að vera í friði. Þetta er sennilega umdeilt en að mínu mat er þetta spurning um skynsemi og að leyfa náttúrunni að njóta sín.

Hjón frá Írlandi spurðu mig s.l. sumar hvort væri verið að reyna að sporna við of miklum slætti á grasi hér á landi og sögðu mér að yfirvöld á Írlandi hvettu fólk til að láta grasið í görðunum hjá sér vaxa ef það gæti. Ég hef líka heyrt frá Norðurlöndunum að þar væri eitthvað svona í gangi.

Með bestu kveðjum.
Steinunn Björg Helgadóttir. Sólhól